

# Fundargerð



Fundur í Mennta- og menningarmálanefnd Reykholahrepps  
þriðjudaginn 9. okt. 2018, kl. 13.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir og Vilberg Þráinsson. Einnig sátu fundinn Valgeir Jens Guðmundsson skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir fyrir hönd kennara, Björk Stefánsdóttir fyrir hönd foreldrafélags Reykhólaskóla og Íris Ósk Sigþórsdóttir fyrir hönd leikskóla auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

- 1. Uppsögn skólastjóra:** Lögð fram uppsögn skólastjóra Reykhólaskóla frá og með 1. ágúst a næsta ári. Jafnframt óskar hann eftir launalausum leyfi frá áramótum og út skólaárið. Nefndin þakkar Valgeiri störf hans í þágu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra og nefndinni er falið að fá afleysingu fyrir skólastjóra fram á vor og undirbúa að auglýsa starfið frá og með næsta skólaári.
- 2. Skólaakstur:** Farið yfir tilhögun skólaaksturs. Sveitarstjóra og formanni nefndarinnar falið að skoða þessi mál.
- 3. Vinnustaðasálfræðingur:** Skólastjóri Reykhólaskóla gerði grein fyrir námskeiði á vegum Auðnast varðandi vinnustaðamenningu og jákvæð samskipti. Athugað verður síðar hvort ástæða sé til þess að taka út árangurinn.
- 4. Trappa - sérfræðiþjónusta:** Trappa ráðgjöf óskar að koma til fundar við sveitarstjórn og Mennta- og menningarmálanefnd þann 18. okt. nk. til að gera grein fyrir þeirri vinnu sem Trappa innir af hendi fyrir Reykhólaskóla.
- 5. Tómsundastarf:** Formaður gerði grein fyrir stöðu mála.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.35

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____